

Héraðsskjalasafn
Austfirðinga bs.

Ársreikningur 2017

Héraðsskjalasafn Austfirðinga bs.
Laufskógum 1
700 Egilsstaðir

Kt. 560678-0379

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns	3
Áritun skoðunarmanna	4
Áritun endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns

Meginhlutverk safnsins er að taka við skjölum skilaskyldra aðila, skrá þau og varðveita. Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, bréfasöfnum og dagbókum einstaklinga, skjölum félaga og fyrirtækja og fleira.

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð á árinu 2017 að fjárhæð 5,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok var jákvætt sem nam 46,9 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 29. október 2018

Stjórn:

Ólafur Valgeirsson –
Bj. Helga Þórunn
Kajulvagn Indriðadóttir

Forstöðumaður:



Bára Stefánsdóttir

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga.

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. Höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2017. Leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 29. október 2018

 Ólafur Jónsson 020342-4719.
 Páll Guðmundsson 380660-3209

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 29. október 2018

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016	Áætlun 2017
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga	2	23.760.250	22.001.150	23.760.000
Önnur rekstrarframlög	2	2.215.500	2.116.072	2.179.000
Aðrar tekjur	2	6.373.474	6.430.150	1.770.000
		<u>32.349.224</u>	<u>30.547.372</u>	<u>27.709.000</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	3	18.539.805	17.594.328	18.308.000
Rekstur húsnæðis		1.457.976	1.397.834	1.232.840
Framlög		4.673.160	4.361.992	4.673.160
Annar rekstrarkostnaður		12.972.734	13.586.048	9.377.781
Afskriftir		98.500	0	0
		<u>37.742.175</u>	<u>36.940.202</u>	<u>33.591.781</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(5.392.951)	(6.392.830)	(5.882.781)
Hreinar fjármunatekjur	4	<u>30.312</u>	<u>68.588</u>	<u>60.000</u>
Rekstartap	6	<u>(5.362.639)</u>	<u>(6.324.242)</u>	<u>(5.822.781)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2017	2016
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innréttingar	5	886.500	0
Áhættufjármunir:			
Langtímakröfur	6	40.759.462	46.582.243
		<u>41.645.962</u>	<u>46.582.243</u>
Fastafjármunir			
		<u>41.645.962</u>	<u>46.582.243</u>
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Næsta árs afborgun langtímakrafna	6	5.822.781	5.822.781
Viðskiptakröfur	1g	461.729	291.918
Aðrar skammtímakröfur	1g	237.669	275.019
Handbært fé.....	1f	2.416.044	2.834.071
Veltufjármunir		<u>8.938.223</u>	<u>9.223.789</u>
		<u>8.938.223</u>	<u>9.223.789</u>
Eignir samtals		<u>50.584.185</u>	<u>55.806.032</u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017	2016
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	7	46.920.886	52.283.525
Skuldbindingar:			
Aðrar skuldbindingar	8	0	130.111
		<u>0</u>	<u>130.111</u>
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir		3.663.299	3.392.396
		<u>3.663.299</u>	<u>3.392.396</u>
Skuldir samtals		<u>3.663.299</u>	<u>3.522.507</u>
		<u>3.663.299</u>	<u>3.522.507</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>50.584.185</u>	<u>55.806.032</u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrartap ársins.....	7	(5.362.639)	(6.324.242)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....		98.500	0
Breyting á öðrum skuldbindingum		(130.111)	4.117
Veltufé til rekstrar		<u>(5.394.250)</u>	<u>(6.320.125)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(132.461)	498.700
Skammtímaskuldir, hækkun		270.903	92.496
Samtals		<u>138.442</u>	<u>591.196</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(5.255.808)</u>	<u>(5.728.929)</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....		(985.000)	0
Langtímakrafa, breytingar.....	6	5.822.781	5.822.781
Fjárfestingarhreyfingar		<u>4.837.781</u>	<u>5.822.781</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(418.027)	93.852
Handbært fé í ársbyrjun		<u>2.834.071</u>	<u>2.740.219</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>2.416.044</u></u>	<u><u>2.834.071</u></u>

Skýringar

1. Reikningskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningskilum og er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur vegna framlaga aðildarfélagasamlagsins er færð miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

c. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

d. Tryggingaverðmæti lausafjármuna

Tryggingaverðmæti bóka byggðasamlagsins nemur 48,9 millj. kr. og lausafjármuna 6,7 millj. kr. í árslok 2017.

e. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samlagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár

g. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður að fjárhæð 0,2 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Engar breytingar urðu á niðurfærslu krafna á milli ára. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

2. Rekstartekjur

	2017	2016	Áætlun 2017
Rekstartekjur greinast þannig:			
<i>Rekstrarframlag sveitarfélaga:</i>			
Fljótsdalshérað	12.308.168	11.422.692	12.307.918
Fjarðabyggð	7.476.317	6.858.852	7.476.317
Seyðisfjarðarkaupstaður	979.666	921.024	979.666
Vopnafjarðarhreppur	1.045.924	998.304	1.045.924
Fljótsdalshreppur	643.578	592.489	643.578
Djúpvogshreppur	756.053	731.689	756.053
Breiðdalshreppur	323.092	264.492	323.092
Borgarfjarðarhreppur	227.452	211.608	227.452
	<u>23.760.250</u>	<u>22.001.150</u>	<u>23.760.000</u>
<i>Önnur rekstrarframlög:</i>			
Íslenska ríkið	892.500	856.072	856.000
Framlög til Ljósmyndasafns Austurlands	1.323.000	1.260.000	1.323.000
	<u>2.215.500</u>	<u>2.116.072</u>	<u>2.179.000</u>
<i>Styrkir og aðrar tekjur</i>			
Skönnun skjala	2.800.000	2.400.000	0
Ýmsir styrkir og gjafir	2.360.250	1.784.550	120.000
Ljósmyndaverkefni	1.000.000	900.000	900.000
Skráningaverkefni	0	800.000	500.000
Útseld vinna	0	523.600	0
Aðrar tekjur	213.224	22.000	250.000
	<u>6.373.474</u>	<u>6.430.150</u>	<u>1.770.000</u>

Skýringar, frh.:

3. Starfsmannamál

			Áætlun
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2017	2016	2017
Laun	14.442.038	14.476.863	14.500.000
Stjórnarlaun	150.264	125.220	160.000
Tryggingagjald	1.155.138	1.185.843	1.250.000
Lífeyrissjóður og stéttarfélagsgjöld	2.251.442	2.214.473	2.930.000
Bifreiðastyrkur	393.360	327.910	350.000
Launakostnaður færður á Ljósmyndasafn	(841.000)	(840.000)	(882.000)
Viðbótarframlag	109.171	0	0
Framlög vegna uppgjors A deildar Brúar lífeyrissj	1.102.644	0	0
Áfallið orlof, breyting	(223.252)	104.019	0
	<u>18.539.805</u>	<u>17.594.328</u>	<u>18.308.000</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok	3	3	

Laun stjórnar og forstöðumanns námu 8,3 millj. kr. á árinu 2017 (2016: 8,2 millj. kr.).

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2017	2016
Vaxtatekjur	34.706	71.428
Vaxtagjöld	(4.394)	(2.840)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>30.312</u>	<u>68.588</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Innréttingar	Samtals
Heildarverð 1.1.2017	0	0
Viðbót á árinu	985.000	985.000
Heildarverð 31.12.2017	<u>985.000</u>	<u>985.000</u>
Afskrifað áður	0	0
Afskrifað á árinu	98.500	98.500
Afskrifað samtals 31.12.2017	<u>98.500</u>	<u>98.500</u>
Bókfært verð 31.12.2017	<u>886.500</u>	<u>886.500</u>
Afskriftarhlutfall	10%	

6. Langtímakröfur

Breytingar á langtímakröfum greinast þannig:

Langtímakröfur	46.582.243
Næsta árs afborgun	(5.822.781)
	<u>40.759.462</u>
Afborganir á langtímakröfum greinast þannig næstu ár:	
Árið 2018	5.822.781
Árið 2019	5.822.781
Árið 2020	5.822.781
Árið 2021	5.822.781
Árið 2022	5.822.781
Síðar	<u>17.468.338</u>
	<u>46.582.243</u>

7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé

Eigið fé 1.1.2017	52.283.525
Rekstrartap ársins	(5.362.639)
Eigið fé 31.12.2017	<u>46.920.886</u>

8. Aðrar skuldbindingar

Bygðasamlagið hefur varðveitt tvo sjóði Sóknarlýsingasjóð og Benediktssjóð sem námu samtals kr. 130.111 í árslok 2016. Sjóðum þessum fylgdu enga kvaðir og hafa þeir nú verið leystir upp og færðir til tekna.

9. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar

Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur skyldi hækkaður til að stuðla að sjálfbærni kerfisins. Meðal breytinga sem samkomulagið tiltók var að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar yrði aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur skyldi hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar skyldu réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Þann 22. desember 2016 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og byggðu þau að meginstefnu til á því samkomulagi sem fjallað er um hér að ofan. Í lögnum er meðal annars kveðið á um greiðslu ríkisins á framlagi til A-deilda LSR sem ætlað er að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum samkvæmt lögnum. Lífeyrisauki er þar skilgreindur sem sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Myndar framlagið svonefndan lífeyrisaukasjóð. Í lögnum er einnig kveðið á um framlag ríkisins í sérstakan varúðarsjóð A-deilda LSR, sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð og framlag ríkisins til A-deilda LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi.

Brú starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og þeirra samþykkt er fyrir sjóðinn gilda. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVIII í lögum nr. 129/1997, sbr. 9. gr. laga nr. 127/2016, skal stjórn Brúar aðlaga samþykktir A-deilda sjóðsins með sama hætti og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal hvað lífeyristökualdur, aldurstengda réttindaávinnslu, lífeyrisaukasjóði og varúðarsjóði varðar, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX–XIV í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þann 8. maí 2017 samþykkti stjórn sjóðsins breytingu á samþykktum hans til aðlögunar að ákvæðum laga nr. 129/1997 og laga nr. 1/1997 eftir framangreindar breytingar. Voru þær staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra þann 1. júní 2017. Hvílir því sú skylda á þeim launagreiðendum sem greiða til sjóðsins að inna af hendi sambærileg framlög til A-deilda Brúar og ríkinu ber að inna af hendi til A-deilda LSR, sbr. hér að ofan.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

9. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar, framhald

Í febrúar 2018 samþykkti stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga uppgjör við Brú á Jafnvæggissjóði og Varúðarsjóði á grundvelli ofangreinds samkomulags en óskaði hins vegar eftir því við Brú lífeyrissjóð að Lífeyrisaukasjóðurinn yrði gerður upp með samtímagreiðslum í form viðbótariðgjalds sem næmi 4,5%. Það þýðir að frá og með 1. júní 2017 greiðir safnið 4,5% viðbótarmótframlag vegna þeirra starfsmanna sinna er greiða í Brú. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017. Samkomulagið fól í sér uppgjör á eftirfarandi fjárhæðum:

- 1,1 millj. kr. framlag í jafnvæggissjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi - Gjaldfært að fullu á árinu 2017.

- 0,2 millj. kr. framlag í varúðarsjóðs sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð - gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar eru 1,1 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017. Til viðbótar nemur gjaldfærsla vegna viðbótarmótframlags vegna lífeyrisaukasjóðsins (4,5%) 0,1 millj. kr.

10. Önnur mál

Á aðalfundi fulltrúaráðs Héraðsskjalasafnsins í nóvember 2010 var gerð samþykkt um málefni Bókasafns Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur sem fellir úr gildi allar fyrri reglusetningar um bókasafnið. Stjórn Héraðsskjalasafnsins hefur kynnt ákvörðun aðalfundar fyrir erfingjum Halldórs og Önnu Guðnýjar og hefur verið unnið samkvæmt henni frá og með ársbyrjun 2011.

Sundurliðanir

	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016	Fjárhags- áætlun 2017
Rekstur húsnæðis			
Rekstrarfélag Laufskóga 1	1.457.976	1.397.834	1.232.840
	<u>1.457.976</u>	<u>1.397.834</u>	<u>1.232.840</u>
Framlög:			
Framlag til Skjalasafns Neskaupstaðar	1.686.960	1.561.992	1.686.960
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar	1.663.200	1.540.000	1.663.200
Ljósmyndasafn Austurlands	1.323.000	1.260.000	1.323.000
	<u>4.673.160</u>	<u>4.361.992</u>	<u>4.673.160</u>
Annar rekstrarkostnaður:			
Húsaleiga, Laufskógum 1	5.822.781	5.822.781	5.822.781
Skönnunarverkefni	2.635.145	1.929.200	0
Kostnaður v/dagskrár og sýninga	1.145.112	369.282	210.000
Húsaleiga, skjalageymsla	700.823	142.877	200.000
Hlutdeild bókasafns í húsaleigu	(683.480)	0	0
Endurskoðun og reikningskil (e.gr. vsk)	639.603	654.426	620.000
Ljósmyndaverkefni 2011	619.890	353.637	0
Rekstur tölvukerfa	615.260	996.634	650.000
Húsgögn og innréttingar	377.327	30.263	127.000
Aðkeypt vinna (án vsk)	348.241	1.892.851	0
Tryggingar	196.129	190.403	298.000
Pappír, prentun og ritföng	181.301	197.372	210.000
Póstur og sími	163.019	147.112	200.000
Ferðakostnaður	102.319	123.287	100.000
Kaffikostnaður	75.151	78.372	70.000
Funda- og viðskiptakostnaður	41.700	266.566	120.000
Bankakostnaður	41.653	56.228	60.000
Umbúðir	33.097	270.405	170.000
Námskeið	18.000	0	120.000
Áhöld, tölvur og tæki	12.445	20.103	350.000
Annar kostnaður	2.794	10.488	0
Niðurfærsla krafna	(115.576)	0	0
Auglýsingar/kynningarstarf	0	33.761	50.000
	<u>12.972.734</u>	<u>13.586.048</u>	<u>9.377.781</u>